

Erindisbréf

103
12. ágúst

fyrir fiskimatsmenn.

1. gr.

Fiskimatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfisks og sem leiknastir í að sortera hann.

2. gr.

Yfirfiskimatsmaðurinn er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón með vigt og útskipun saltfisks og hleðslu hans í skipum þeim, sem hann er fluttur út á. Hann kveður þá til vinnunnar og skiftir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir ætla að vera burtu frá heimili sínu um nokkuð langan tíma, skulu þeir gjöra honum aðvart um það fyrirfram.

3. gr.

Þeir eru skyldir að fara eftir fyrirskipunum hans og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir vinna undir stjórn hans.

4. gr.

Fiskimatið skal fara svo fram, að tveir matsmenn skoði saman fiskinn, svo tveir geti vottað um allan farminn, eins og tíðkast hefir að undanförmu.

Komi það fyrir við vinnuna, hvort það er við skoðun og mat fisks, umsjón með vigt hans, útskipun eða hleðslu um borð, að þeir séu í efa um eitthvað eða komi eitthvað fyrir, sem hann hefir ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til hans og fá fyrirskipanir hans um hvað gjöra skuli, en verði því ekki viðkomið, skulu þeir ráða það úr, sem þeim sýnist réttast, og skýra honum svo frá því sem fyrst og áður en hann gefur út fiskimatsvottorðið.

Þeir skulu og skýra honum frá eða leita hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn að sýsla.

5. gr.

Þeir fá í kaup 65 aura um klukkustund hverja, sem þeir eru að vinnu, hvort sem það er við sortering fisksins eða við umsjón með vigt hans, útskipun eða hleðslu. Farimatið fram utan hinnar löggiltu verzlunarlóðar telst borgun-

103 in fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun eða góðgjörðum, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum eða skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, sem flytja á fiskinn í út, að sýsla.

6. gr.

Þeir, sem fiskurinn er metinn fyrir, gjalda þeim kaup þeirra fyrir vinnuna við fiskinn og skulu þeir skrifa reikning yfir vinnulaunin og láta yfirmatsmann skrifa upp á hann, að hann sé réttur, áður en þeir beiðast þess, að hann sé útborgaður, sem þeir að sjálfsögðu eiga heimtingu á, að sé gjört í peningum þegar í stað.

7. gr.

Aðalstarf þeirra er við fiskimat á þeim stað, þar sem þeir eru skipaðir. Þó eru þeir skyldir að fara með yfirfiskimatsmanni til annarra staða í umdæmi hans, þegar hann kveður þá til að aðstoða sig þar við fiskimat. Fiskimatsmanni er og skylt að framkvæma yfirfiskimatsmanns störf, er yfirfiskimatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum.

Fyrir vinnu við fiskimat utan svæðis þess, er þeir eru skipaðir fyrir, fá fiskimatsmenn sömu tímaborgun og getur um í 5. gr., er einnig telst fyrir þann tíma, er þeir þurfa til ferðarinnar fram og aftur, og auk þess í fæðispeninga 1 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi.

Ef þeir verða vedurteptir á fiskimatsferðum þessum eða verða að bíða af því vedur leyfir eigi að starfa að fiskimati, skulu þeir fá daglaun 5 kr. á dag auk fæðispeninganna.

Yfirfiskimatsmaður skrifar upp á reikninga þeirra og lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á staðnum úrskurðar þá, ef hlutadeigendur geta ekki komið sér saman.

8. gr.

Þeir rita undir eiðstaf um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvila, og hlýðnast ákvæðum erindisbréfs þessa.

Þeir eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

9. gr.

Hér með eru úr gildi feld erindisbréf fyrir fiskimatsmenn í Reykjavík 12. júlí 1904 og erindisbréf fyrir fiskimatsmenn á Ísafirði 14. júlí 1904.

Í stjórnarráði Íslands 12. ágúst 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.